

Mánudaginn 3. júní 1991.

Nr. 5/1991. **Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands**

(Árni Guðjónsson hrl.)

gegn

Læknafélagi Íslands

(Viðar Már Matthíasson hrl.).

Frávísun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 1. þ.m., er höfðað með stefnu birtri 21. f.m.

Stefnandi er Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði.

Stefndi er Læknafélag Íslands, Domus medica, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefnda verði gert að afturkalla viðvörun, sem birtist í Læknablaðinu í maí-hefti 1991, bls. 9.
2. Að gr. 17 og 23 í lögum stefnda eða hlutar þeirra verði með dóminum taldar andstæðar 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33, 17. júní 1944 með síðari breytingum og einnig andstæðar 2. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.
3. Að stefnda verði gert að afnema gr. 17 og 23 í lögum félagsins að öllu leyti eða þá hluta greinanna, sem fara í bága við landslög og stjórnarskrá.
4. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar, er renni í ríkissjóð.
5. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt mati dómsins ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum.

I.

Stefnandi kveður málavexti þá, að læknir, sem starfað hefur á heilsuhæli stefnanda mörg undanfarin ár og kominn er að hámarks-lífeyrissjóðsgreiðslum, sagði starfi sínu lausu með bréfi, dags.

25.1.1991, þar sem segir: „Ástæður uppsagnar minnar eru margendurtekin brot framkvæmdastjóra og stjórnar HNLFI á heilbrigðislögum og læknalögum. Við þessar aðstæður er mér hvorki mögulegt að rækja læknisstörf mín samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum um störf lækna né samkvæmt codex ethicus.“

Uppsagnarbréf læknisins var rætt á fundi haelisstjórnarinnar hinn 31.1.1991 og uppsögnin samþykkt, en athugasemdum læknisins mótmælt. Skv. uppsagnarbréfi læknisins rann starfstími hans út hinn 30. apríl 1991.

Stefnandi auglýsti í framhaldi af því stöðu læknis á hælínu lausa til umsóknar. Við þessari auglýsingu brást stefndi með því að birta í læknaþlaðinu viðvörðun til félagsmanna um, að stjórn félagsins geti vísað félagsmanni úr félaginu, ef viðkomandi sækir um eða tekur við stöðunni. Þá hefur formaður stefnda, Læknafélags Íslands, marglýst yfir því í fjölmiðlum, að hver sá læknir, sem um stöðu þessa sæki, verði rekinn úr Læknafélagi Íslands.

Stefnda, þ.e. framkvæmdastjóra hans, hefur verið boðið að afturkalla viðvörðun læknafélagsins til félagsmanna sinna við að sækja um hina auglýstu stöðu að viðlögðum brottrekstri úr félaginu, en stefndi hefur ekki sinnt því.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann þarf skv. heilbrigðislögum að hafa í þjónustu sinni lækna, sem annast læknisfræðilega meðferð dvalargesta eða sjúklinga á heilsuhæli sínu í Hveragerði. Við það er rekstrarleyfi hans á starfsemi haelisins bundið.

Með því, að Læknafélag Íslands viki þeim læknum úr félaginu, sem sækja um stöðu læknis á hælínu, er það jafngildi þess, að stéttarfélag lækna sé lokað þeim læknum, sem slíkt gera. Stefndi, Læknafélag Íslands, er stéttarfélag skv. 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, sbr. 16. gr. félagslaga Læknafélags Íslands. Í kjarasamningum félagsins við íslenska ríkið eru ákvæði um, að félagsmenn þess hafi forgangsrétt til vinnu á öllum spítölum og öðrum störfum, sem það rekur. Með því að loka félaginu fyrir einstökum læknum er það jafngildi þess, að þeir læknar, sem ekki eru félagsmenn, eru útilokaðir frá öllum þessum störfum, þótt þeir hafi tilskilin fagréttindi.

Lagarök stefnanda eru þau, að stefndi hafi með framferði sínu brotið 69. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins nr. 33/1944, sem

mælir fyrir um atvinnufrelsi manna, svo að gerðir stefnda séu brot á 2. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, en í þeirri grein er það skilyrði sett fyrir stofnun og störfum stéttarfélags, að það sé opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein.

Þá skal á það bent, að þótt ákvæðið í 23. gr. félagslaga stefnda sé af stefnanda talið ólögmett, þá er ákvörðun stjórnar stefnda einnig ólögleg skv. eigin samþykktum, þar sem hún hefur ekki leitað samráðs eða samþykkis viðkomandi aðildarfélags, í þessu tilviki Læknafélags Suðurlands, sbr. 3. gr. laga stefnda.

II.

Stefndi gerir ekki kröfu um frávísun frá Félagsdómi. Hann telur þó, að dómurinn hljóti að íhuga frávísun ex officio af eftirtöldum ástæðum:

1. Stefndi er eitt aðildarfélagi Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR). Hann gerir kjarasamninga, m.a. f.h. sjúkrahússlækna, við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborg og St. Jósefsspítala. Læknar, sem starfað hafa hjá stefnanda, taka laun og búa við þau starfskjör, sem umsamin eru í þeim kjarasamningum, að viðbættum þeim sérstöku kjörum, sem um kann að vera samið í ráðningarsamningi við hvern og einn þeirra. Um stefnda gilda ákvæði laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ekki verður séð, að ákvæði 26. gr. þeirra laga heimili að leggja fyrir Félagsdóm mál til úrlausnar um meint brot á 2. gr. laga nr. 80/1938.

2. Í 45. gr. laga nr. 80/1938 er gert ráð fyrir því, að sambönd stéttarfélaga reki mál fyrir hönd meðlima sinna fyrir Félagsdómi, og aðila sé þá aðeins heimilt að reka málið sjálfur, að hann sé ekki meðlimur sambandanna, eða að sambandið hafi neitað að fara með málið. Ekki liggir fyrir, að BHMR hafi neitað að fara með málið fyrir stefnda.

3. Stefndi telur einnig, að vísa eigi 3. tl. í kröfugerð stefnanda frá ex officio, þar sem sú krafa er svo óákveðin, að hún er ekki dómtæk.

Stefndi benti og á það, að þar sem hann telji, að lög nr. 94/1986 taki til deilu aðila, telji hann, að skipan dómsins skuli vera í samræmi við 27. gr. laganna. Vegna þessa tjáðu lögmenn aðila sig sérstaklega um formhlið málsins 30. maí sl.

Um efnishlið málsins kveður stefndi málavexti eftirfarandi: Stefn-

andi er hjúkrunar- og endurhæfingarheimili, sem starfar á grundvelli reglugerðar nr. 262/1989, sem sett var með stoð í 24. gr. laga 59/1983 um heilbrigðisþjónustu. Um slíkar stofnanir gilda nú ákvæði 4. tl. 24. gr. laga 97/1990 um sama efni. Í 29. gr. þeirra laga er gerður áskilnaður um, að við stofnun samkvæmt 24. gr. laganna starfi a.m.k. yfirlæknir, og af 1. tl. 32. gr. leiðir, að hjá stefnanda skal starfa lækna ráð, sem hefur lögbundið hlutverk, m.a. það að vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði, og ber stjórnendum skylda til að leita álits lækna ráðs um allt, sem varðar lækniþjónustu stofnunarinnar. Lög 97/1990, einkum 29. gr. þeirra, bera það ótvírætt með sér, að lækna bera ábyrgð á þeim lækningum, sem fram fara á stofnunum þeim, sem þeir starfa við og undir lögin heyra.

Veturinn 1988/1989 reis ágreiningur um skipulagningu sérstaks sviðs, sem nefnt var O-svið, en þar skyldi fólk tekið til meðferðar vegna offitu. Heyrði meðferð þessi undir Þórhall B. Ólafsson lækni, sem fyrst var ráðinn til stefnanda árið 1976. Þórhallur taldi, að hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri og reyndar aðrir, sem þessir aðilar kvöddu til sérstakra verka, leituðust við að skerða sem mest forræði hans á meðferðinni og legðu önnur sjónarmið en læknisfræðileg til grundvallar við meðferðina. Bæði Þórhallur og Snorri Ingimarsson yfirlæknir voruðu fyrirvarsmenn stefnanda eindregið við þessari háttsemi, enda hvílir á læknum lögakveðin skylda til þess að lána ekki nafn sitt ákveðinni lækningastarfsemi, nema hún fari að fullu fram á hans ábyrgð samkvæmt ráðleggingum hans og undir eftirliti hans. Er skylda þessi lögfest í 25. gr. lækna-laga nr. 53/1988.

Viðvörðunum læknanna var lítið sinnt, en þó var ákveðið síðari hluta árs 1989 að hefja meðferð við offitu, sem byggð var á grundvelli, lögðum af Þórhalli B. Ólafssyni. Stefnandi réð hjúkrunarfræðing til starfa við verkefnið, og taldi læknaþing, að hún hafi án samráðs við sig breytt ýmsum meðferðarþáttum og framkvæmt þá eftir sínu höfði, fjarri því, sem hinar læknisfræðilegu forsendur Þórhalls heimiluðu. Reyndi Þórhallur að leiða þetta hjá sér, en taldi sér óheimilt að víkjast undan þeirri lagaskyldu, sem áður er getið um. Hafði hann því uppi andmæli og naut við það stuðnings yfirlækna stefnanda, þeirra Gísla Einarssonar og Snorra Ingimarssonar. Var andrúmsloftið orðið afar slæmt á heilsuhælinu, er leið

á árið 1990. Hið slæma ástand leiddi til bréfaskipta seinni hluta árs 1990 og í upphafi árs 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skipaði nefnd þann 3. janúar 1991 til að leita sátta í málinu.

Þórhallur B. Ólafsson treysti sér ekki lengur til að starfa sem læknir með þeim skyldum, sem því fylgja, við þær aðstæður, sem eru hjá stefnanda. Sagði hann því upp störfum með bréfi, dags. 25. janúar 1991, þrátt fyrir það að hann kynni við það að glata mikilsverðum lífeyrisréttindum. Málefni stefnanda höfðu verið til umfjöllunar á fundum í stjórn stefnda síðast á árinu 1990 og í upphafi árs 1991. Stefndi, Læknafélag Íslands, er, eins og fyrr segir, stéttarfélag, en innan vébanda þess eru einnig sjálfstætt starfandi læknar. Í lögum eru lagðar ýmsar skyldur á stefnanda, t.d. er í 18. gr. læknalaga nr. 53/1988 skyldur, er tengjast eftirlitsskyldum opinberra aðila með starfsemi lækna. Í lögum stefnda er í 19. gr. ákvæði um siðareglur, og er mælt fyrir um það, að stjórn stefnda og aðildarfélög þess skuli hafa eftirlit með því, að félagsmenn þeirra hliti siðareglum félagsins, codex ethicus, lögum og samþykktum Læknafélags Íslands. Erú jafnframt í 23. gr. laga félagsins heimildir til þess að víkja mönnum úr félaginu við tillteknar aðstæður.

Stefndi telur sér skylt að hafa eftirlit með því, að læknar sinni störfum sínum með þeim hætti, að gætt sé í hvívetna þeirra laga-skyldna, sem lagðar eru á lækna í störfum þeirra. Af þessum ástæðum taldi félagið sér skylt að vara lækna við því að sækja um stöðu þá, sem Þórhallur B. Ólafsson hafði gegnt, en staða þessi var auglýst laus til umsóknar 28. apríl sl. Er auglýsingin reyndar einstök, þar sem auglýst er, að staða aðstoðarlæknis *eða* sérfræðings sé laus til umsóknar. Í viðvörun stefnda er bent á, að ástæða þess, að stefnandi auglýsi lausa læknisstöðu, sé sú, að starfandi læknir þar til margra ára hafi sagt stöðu sinni lausri vegna erfiðra læknisfræðilegra skilyrða, sem felist m.a. í því, að stjórnendur telji sig hæfari en hann til að skilgreina læknisfræðilega meðferð.

Stefndi telur, að fráleitt sé, að stefnandi njóti réttar sem sjúkrastofnun samkvæmt 5. tl. 24. gr. laga 97/1990 og annarra ákvæða þeirra laga og fái með því umtalsverðar fjárhæðir af almannafé til rekstrar síns, allt á þeim forsendum, að þar fari meðferð og aðhlynn-ing sjúklinga fram á grundvelli læknisfræðilegra sjónarmiða, en

neiti svo að fara að álitu lækna um það, hvernig eigi að haga skipulagningu og framkvæmd lækni meðferðar.

Loks er því andmælt harðlega af hálfu stefnda, að háttsemi hans fari að einhverju leyti í bága við ákvæði 2. gr. 1. 80/1938, þó að það lagaákvæði yrði talið eiga við, eða 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Stefndi mótmælir sem röngum hugleiðingum stefnanda um, að heimild í lögum L.Í. um beitingu agaúrræða sé á einhvern hátt skerðing á atvinnufrelsi. Með viðvörðun sinni er stefndi að gera þeim félagsmönnum sínum ljóst fyrir fram, að þeir geti ekki vænst þess að njóta þeirra réttinda og þess hagræðis, sem félagsaðild fylgir, ef þeir hyggjast ráða sig í starf hjá aðila, sem að mati stefnda neitar að láta lækni fræðileg sjónarmið ráða skipulagningu og framkvæmd meðferðar, sem á að vera lækni meðferð.

III.

Niðurstaða.

Mál þetta er höfðað á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur af hálfu Heilsuhælis Náttúrulegna Lækningafélags Íslands í Hveragerði sem vinnuveitanda á hendur Læknafélagi Íslands sem stéttarfélagi, en félag þetta skiptist í svæðisbundin aðildarfélag. Lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka ekki til starfsmanna heilsuhælisins, sbr. 2. gr. þeirra laga, þegar af þeirri ástæðu, að heilsuhælið hefur ekki veitt áskilið samþykki til þess.

Stefnandi telur, að stefndi hafi með viðvörðun til lækna um að ráða sig ekki til starfa hjá heilsuhælinu að viðlögðum brottrekstri úr félaginu brotið gegn ákvæði 2. gr. laga nr. 80/1938, en þar segir, að stéttarfélag skuli opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu eftir nánari reglum í samþykktum þeirra. Jafnframt telur stefnandi, að tiltekna greinar í félagslögum stefnda brjóti gegn áður nefndri lagagrein svo og gegn 69. gr. stjórnarskrárinnar, en þessar greinar félagslaganna fjalla um heimildir læknafélagsins til þess að gefa viðvörðun og vísa mönnum brott úr félaginu. Þessi sjónarmið stefnanda, sem stefndi hefur andmælt, eru uppistaðan í dómkröfum hans.

Á milli málsaðila er enginn kjarasamningur í gildi, og hvorugur þeirra hefur gert kröfu um, að til slíks samnings verði stofnað, enda þótt einstakir lækna hafi gert ráðningarsamninga við heilsuhælið. Hér er því hvorki um vinnudeilu að ræða né ágreining um skilning á kjarasamningi. Grundavallarágreiningurinn er um stjórnunarlega

2
H-8
E-7

og faglega ábyrgð lækna. Utan þessa hafa þeir félagsmenn læknafélagsins, sem kunna að telja félagsréttindi sín skert með framangreindri viðvörun, ekki blandað sér í mál þetta.

Svo sem atvikum er háttað hér, getur vinnuveitandi ekki að áliti Félagsdóms lagt fyrir dóminn ágreining við stéttarfélag um félagsréttindi innan þess, auk þess sem það er almennt utan verkahringisdómsins að dæma um túlkun á stjórnarskrárákvæðum. Ber því að vísa máli þessu frá Félagsdómi.

Eftir þessum málalokum verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 80.000.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands, greiði stefnda, Læknafélagi Íslands, kr. 80.000 í málskostnað.

Mánudaginn 30. desember 1991.

Nr. 6/1991.

**Starfsmannafélag ríkisstofnana
f.h. Jóhönnu Oddsdóttur**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Kjarasamningur. Staðgengilslaun.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valtýr Sigurðsson og Eiríkur Helgason.

Stefnandi er Starfsmannafélag ríkisstofnana, Grettisgötu 89, Reykjavík, f.h. félagsmanns síns, Jóhönnu Oddsdóttur, sjúkraliða á